



Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Efni: Tillaga um nýja deild hjá menningar- og íþróttasviði - útvistardeild

Á fundum menningar-, íþróttar- og tómstundaráðs þann 19. maí 2023 og skóla- og frístundaráðs þann 12. júní 2023, var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra menningar- og íþróttasviðs og sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs dags. 17. maí 2023:

Lagt er til að á menningar- og íþróttasviði verði til deild sem kennið er við útlífsborgina Reykjavík. Þrjár skipulagseiningar yrðu þá settar fram í skipuriti sviðsins þ.e. menningarborgin, íþróttaborgin og útlífsborgin. Þessar einingar ynnu þétt saman enda skarast sum málefni og þættir að vissu leiti. Horft er til að sameina núverandi starfsemi sem tilheyri menningar- og íþróttasviði þ.e. Fjölskyldu- og húsdýragarð, Sigrunes og skíðabrekku innan borgarmarkanna og starfsemi skóla- og frístundasviðs þ.e. Miðstöð útvistar og útináms og Frístundagarðsins sem nú tilheyra frístundamiðstöðinni Brúnni. Allar þessar starfseiningar hafa það sameiginlegt að þjónusta borgarbúa tengt útvist en jafnframt að veita fræðslu til barna- og ungmenna í skóla- og frístundastarfi ásamt því að vera í samstarfi við ýmsa hagsmunaaðila, s.s. íþróttafélög og önnur félagasamtök.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt af báðum ráðum. Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands sat hjá.

Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Fulltrúar menningar-, íþróttar- og tómstundaráðs lögðu fram svohljóðandi bókun:

Útlífsborgin er spennandi viðbót í fjölbreyta flóru menningar, íþróttar og útvistar í borginni en með stofnun þessarar nýju deilda sameinast á einum stað rekstur Fjölskyldu- og húsdýragarðsins, starfsemi Sigrunes í Nauthólvík, skíðabrekkuinnar í borgarlandinu og Miðstöð útvistar og útináms í Gufunesi sem hefur verið á vegum skóla og frístundasviðs en flyst nú yfir til hins nýja menningar- og íþróttasviðs. Útlífsborgin verður nú ein af þremur höfuðstoðum sviðsins við hliðina á menningarborginni og íþróttaborginni og skapast fjölmög tækifæri til að sækja fram, nýta fjármuni betur og efla fjölbreyta valkosti fyrir fjölskyldufólk í borginni að njóta útvistar, náttúrufegurðar og hreyfingar í anda bætrar lýðheilsu og skemmtilegs mannlífs í borginni.



Reykjavíkurborg

Skóla- og frístundaráðsfulltrúi Sósíalistaflokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Í þessari tillögu á að sameina starfsemi Fjölskyldu- og húsdýragarðsins, Siglunes, skíðabrekkur innan borgarmarka og tiltekna starfsemi skóla- og frístundasviðs. Fulltrúi Sósíalista er ekki sannfærður um að sameining þessara eininga sé til þess fallin að bæta þjónustuna, og mögulega þvert á móti. Sameiningar fela gjarnan í sér dulda niðurskurði og þjónustuskerðingu sem bitnar á íbúum borgarinnar. Líklegt er að svo sé einmitt raunin því að í tillögunni er talað um að sameiningunni fylgi "hagræði", sem er nýrði yfir niðurskurð.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink that reads "Helgi Grímsson".

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

A handwritten signature in blue ink that reads "Eiríkur B. Björgvinsson".

Eiríkur B. Björgvinsson

sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs